

FJARÐAR fréttir

Miðvikudagur 27. febrúar 2019 | 8. tbl. 17. árg.

Upplag 10.500 eintök.

Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Iceland
STAÐARBERGI



Í fararbroddi fyrir Hafnfirðinga í áratugi



Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



MATHÚS BAR
VON

Strandgata 75 | 583 6000 | vonmathus.is

Eldingar, trjáfellingar og gönguleið á Norðurbakka

Það er meðal efnis í nýju miðvikudagsblaði

Fjarðarfréttir koma framvegis út á miðvikudögum og ættu því að nýtast enn betur

sem sterkur auglýsingamiðill fyrir Hafnarfjörð. Blaðið er stúttullt af efni og Fjörður

kynnir VSK lausa daga og hátíð í „frakka“ utan á blaðinu. www.fjardarfrettir.is



Andri Ómarsson lét nemendur Flensborgarskóla draga spil heilsuþæjarins Hafnarfjarðar.

Jón Arlúss
KÖKULIST



Treystu mér fyrir veislunni!

www.kokulist.is

Firði • sími 555 6655



-stöðin

TAXI

Hafnfirska
leigubílastöðin

520 1212



sími
842
2217

HELGAFELL
FASTEIGNASALA

Alla miðvikudaga

FJARÐAR fréttir

NÝR ÚTGÁFUDAGUR

Fréttavefur: fjardarfrettir.is



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 3. mars

Aðskulýðs- guðspjónusta og sunnudagaskóli kl. 11

Fermingarbörn og unglingakórinn sjá um efni stundarinnar með Jóni Helga, Helgu, Bylgju, Hilmari o.fl.

Vöfllusala til styrktar hjálparstarfi.

Morgunmessa
miðvikudaga kl. 8.15

TTT starf (10-12 ára)
fimmtudaga kl. 17-18

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja



Sunnudagur 3. mars

Fjölskylduhátíð kl. 11

Vöfllusala fermingarbarna og kerta- og leirmunasala barnastarfsins.

Allur ágóði rennur til bygginagar steinhúsa fyrir munaðarlaus börn í Uganda. Enginn posi.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:10.
Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.
www.vidistadakirkja.is



Ljóm.: Kristjana P. Agnisdóttir

Karalórinn Prestir stóð fyrir árlegum konudagstónleikum í Hásöllum sl. sunnudag þar sem konur fengu frítt inn en karlarnir greiddu.

Fríkirkjan

í Hlíðarfirði

Sunnudagurinn 3. mars

Sunnudagaskóli kl. 11

Kvöldvaka kl. 20

Yfirskrift kvöldvökkunnar er: Þakklæti.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
flytur hugleiðingu.

Kór og hljómsveit kirkjunnar leiðir sönginn.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 3. mars

Messa á æskulýðsdegi kirkjunnar kl. 11

Börn og unglingar úr æskulýðsstarfinu aðstoða við messuhald. Kór Ástjarnarkirkju syngur.

Prestur: Sr. Arnór Bjarki Blomsterberg
Prédikari: Bjarki Geirdal guðfræðinemi.

Mánudagur 4. mars

Barna- og unglingastarf

www.astjarnarkirkja.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét A. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfsdóttir



Hannes Ó. Samþend

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is


Glæsileg gluggatjöld FYRIR ÍBÚÐINA ÞÍNA

Frí mæling og tilboðsgerð!



2. hæð Firði
Fjarðargötu 13-15

Vertu velkomin/n til okkar í verslunarmiðstöðina Fjörð, Fjarðargötu 13-15, virka daga kl. 11-17, laugardaga kl. 12-16.
Hafðu samband í síma 780 1447 eða sendu póst á bodyzone@bodyzone.is



Ævintýri í hljóðlistasmiðju í Hafnarborg

Haldin í tengslum við sýninguna Hljóðön


Í vetrarfríinu var boðið upp á skapandi hljóðlistasmiðjur í Hafnarborg fyrir börn á aldrinum 7-11 ára, undir

leiðsögn myndlistar- og tónlistarmannsins Curvers Thoroddsen. Smiðjurnar eru í tengslum við Hljóðön



Föndurlist
Vaxandi

Nýtt og Skemmtilegt



Námskeið í Resin Art og Fluid Art

Föndurlist - Strandgötu 75, 220 Hafnarfirði
s. 553 1800 - www.fondurlist.is

FJARÐARBÓN
KAPLAHRAUNI

**Alprif
Bryngljái**

Tímamantanir í síma
5653232
KAPLAHAUNI 22

*Þeim þótti ekki leiðinlegt að prófa
hljóðfæri, hvor heldur þau væru
einföld leikföng eða alvöru græjur.*

— sýningu tónlistar, sem stendur nú yfir í Hafnarborg, en þar er horft öðrum augum á tónlistina og það hvernig hún skarast á við myndlistina. Þar er sköpunar- og leikgleðin í fyrirrúmi og mikið lagt upp úr þátttöku sýningargesta til að búa til tónlist á margs konar vegu, svo sem með tölvuleikjum, hljóðfærum og öðrum hlutum sem eru venjulega ekki taldir til hljóðfæra.

Ljós: Kristjana Þ. Ágnesdóttir

Gerðar verða endurbætur á gönguleiðinni um Norðurbakka í sumar

Gert ráð fyrir 30 milljónum króna í verkið á fjárhagsáætlun þessa árs

Á fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir 30 milljónum króna til endurbóta á gönguleiðinni á Norðurbakkanum. Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkti á síðasta fundi tillögu frá Landslag arkitektum til áframhaldandi vinnslu en meðfylgjandi myndir eru úr þeim tillögum. Tillagan er látlaus og einföld en á þó að skapa mun betri aðstæður en eru á Norðurbakkanum í dag.

Að sögn Helgu Ingólfsdóttur, formanns umhverfis- og framkvæmdaráðs verður Norðurbakinn malbikaður með miðlinu til að skilja að gönguleið og skapa rými fyrir þá fjölmörgu sem vilja dorga eða bara tilla sér á bekk þegar veður leyfir. Í miðlinu verður lýsing, bekkir og blómaker og eins og teikningin sýnir þá leggur arkitekt til að gróðursett verði tré sem þola vel þær



Skv. tillögum Landslags er gert ráð fyrir trjágróðri og bekkjum.

aðstæður að vera við sjó þar sem stundum er ansi vindasamt.


„Jafnframt þessari endurnýjun á yfirborði bakkans er mikilvægt að huga

að öryggismálum á bakkanum og hafnarstjórn hefur lagt fram tillögur að úrbótum sem verða yfirfarnar og einnig er hafnarstjórn með áform um að endurnýja gamla hafnargarðinn sem gæti verið skemmtilegt til að stunda dorg sem er mjög vinsælt“, segir Helga.

Strandstígurinn nýtur mikilla vinsælda og þeim fjólgar stöðugt sem nota hann til heilsuþátta, gangandi, hlaupandi eða hjólandi.



Norðurbakinn, vinsæll veiðistaður.



Hér má sjá hvernig landslagsarkitektar hafa hugsað sér Norðurbakkann.

Flensborgarhöfn – Enn eitt blokkarhverfið

Verið er að vinna að nýju ramma- skipulagi um Flensborgarhöfn eins og Hafnfirðingum ætti að vera kunnugt. Hugmyndirnar sem þar ráða ríkjum eru bæði slæmar og gamaldags. Saga og sérstaða hafnarinnar fær engan hlut í þessum hugmyndum, heldur á að skipuleggja enn eitt blokkarhverfið upp á fjórar, fimm eða þaðan af fleiri hæðir. Við þekkjum þessi blokkarhverfi frá Sjá-



Ingvar Guðmundsson

landi í Garðabæ, Kársnesi í Kópavogi, Bryggjuhverfi í Grafarvogi og Norðurbakka hér hjá okkur. Þetta eru steindað úthverfi og styrkja með engum hætti atvinnulíf og mannlíf eins ég veit að við Hafnfirðingar viljum sjá á þessu svæði í tengingu við miðbæ Hafnarfjarðar. Öll húsin verða rifin, þar með talið Íshúsið. Nýtingarhlutföll hækkuð, byggingareitir stækkaðir og byggðar

blokkir í staðinn. Byggingaréttur verður aukinn verulega.

Ég skil ekki hvaða atvinnustefna þetta er hjá okkur Hafnfirðingum. Allt það gróskumikla atvinnulíf sem er á svæðinu verður hrakið á brott með þessum hugmyndum. Hvað verður þá um miðbæ Hafnarfjarðar, ef ekkert atvinnulíf er til staðar?

Það verður að endurskoða þessar hugmyndir ef ekki á illa að fara. Sú kynslóð sem hér ræður ríkjum (mín kynslóð), ætti nú bara að leggja skipu-

lagsmál á hilluna og leyfa unga fólkinu að taka við, fólkinu sem þarf að takast á við fjórðu iðnbýltinguna og skapa sér umhverfi til samræmis.

Ég hvet alla Hafnfirðinga til að kynna sér málið á heimasíðu Hafnarfjarðar-arbæjar. Núna er tíminn til að láta í sér heyra, það verður of seint ef þessu ramma- skipulagi verður laumað inn í nýtt aðalskipulag Hafnarfjarðar sem nú er í endurskoðun.

Höfundur er Hafnfirðingur; fæddur 1958.



Hvaða andi mun ríkja í Flensborgarhöfn framtíðarinnar?




Eldingar í Hafnarfirði



1



2



3



4



5



6

Ljóm.: Guðni Glásson

Þrumuveður gekk yfir SV-land síðdegis sl. fimmtudag og skv. upplýsingum Veðurstofunnar mældust í því um 100 eldingar.

Að jafnaði verða tvö þrumuveður af þessari stærð á Íslandi á ári. Hins vegar hefur ekki orðið svona mikið þrumuveður á höfuðborgarsvæðinu sl. 20 ár, eða eins langt og eldingamælingar ná.

Eldingar valda miklu manntjóni á jörðinni og áætlað hefur verið að alls farist um 24 þúsund manns á ári í eldingaslysum sem jafngildir því að einn Íslendingur myndi farast á ári. Eldingatiðni er hæst í hitabeltinu;

manntjón er þar mikið en skráning slysa brotakennd. Nú eru yfir 150 ár síðan manntjón varð í eldingu á Íslandi.

Eldingarnar voru vel áberandi í Hafnarfirði en eins og sjá má á meðfylgjandi myndum sem eru úr síma-myndskeiði sem blaðamaður Fjarðarfrétta tók og er horft í vesturátt úr Setberginu. Eins og sjá má á mynd 3 var ljósið af eldingunum gríðarlega skært og fylgdu miklar þrumur á eftir.

Í þrumuveðrinu helltust gríðarlega dimm ský yfir en svo létu til álika hratt á eftir og gliðu fyrir í heiðan himinn.



Ljóm.: Guðni Glásson

Ónýt gangstétt



Ljóm.: Guðni Glásson

Gangstéttin framan við Tónlistarskólann hefur lengi verið ónýt vegna sigs og er stórhættuleg þegar frýs enda oft fljúgandi hált þar auk þess sem töluverðar misfællur eru í stéttinni. Bættast þær við varasamt fjörugrjót sem sést illa í slæmu veðri og myrkri. Hefur grjótið valdið a.m.k. einu slæmu beinbroti.



Fasteignasala Kópavogs
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta


**Bókið skoðun
í síma 695 1095!**

Gyða Gerðarsdóttir, lögg. fasteignasali & leigumiðlari kynnir:

Til sölu glæsileg 139,6 m² þriggja herbergja íbúð á 2. hæð, auk stæðis í bílageymslu, fyrir 50 ára og eldri - Eign fyrir vandláta. Séríngangur af svölum. Lyftuhús.

Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Tilboð óskast í eignina. – gyda@fastko.is



Fjórtán tré við Hamarinn felld

Stofnarnir verða nýttir í útibekki og borð í bæjarlandinu

Mikill og hár trjágróður við Hamarinn hefur verið mörgum þymir í augum. Hafa trén bæði skyggt á Hamarinn sjálfan auk þess sem trén hafa vaxið upp fyrir Hamarinn og hindrað útsýni af honum. Garðyrkjustjóri bæjarins var með verktaka í trjáfellingum í Hamrinum á dögnum og felld voru 14 tré Öldugötumegin.

Stofnamir verða geymdir og á að saga hluta þeirra í planka til að nýta í útibekki og borð til að hafa í bæjarlandinu. Greinarnar verða síðan kurlaðar og kurlað verður notað í trjábeð.

Á næsta ári verða tekin jafn mörg tré í sama trjálandi.



Fjórtán stór grenitré gefa af sér töluverðan við og trjákur.



Hér má sjá hversu há trén eru orðin Öldugötumegin.



Ljóm: Kristjana Þ. Ásgæsdóttir



Hér má greinilega telja áhringina. Hvað er tréð gamalt?

Píanótónleikar gesta frá Krakow í Póllandi

Prófessorar og nemendur heimsækja Tónlistarskóla

Þriðjudaginn 5. mars munu Jacek Tosik-Warszawiak og Miroslav Hrbowski prófessorar frá Krakow og nemendur þeirra heimsækja Tónlistarskólann í Hafnarfirði og leika fyrir nemendur og kennara á opnum tónleikum í Hásölum kl. 17.30

Allir eru velkomnir, en píanónemendur í mið- og framhaldsnámi eru

sérstaklega hvattir til að koma á tónleikana.

Leikin verða verk eftir pólsku tónskáldin F. Chopin, I.J. Paderewski, K. Szymanowski, G. Baciewicz, M. Moszkowski, P. Mykietyn, og W. Karolak.



Ljóm: Guðni Gíslason

AUGLÝSING VEGNA FRAMKVÆMDALEYFA

Reykjanesbraut í Hafnarfirði - tvöföldun, endurnýjun á háspennustreng og færsla lagna

Í samræmi við 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi auglýsir Hafnarfjarðarbær útgáfu framkvæmdaleyfis vegna tvöföldunar á Reykjanesbraut frá Kaldársselsvegi vestur fyrir Krýsuvíkurgatnamót, endurnýjunar á háspennustreng HF1 og færslu lagna við Reykjanesbraut.

Hamraneslína - breytt lega

Í samræmi við 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi auglýsir Hafnarfjarðarbær útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir breytingu á legu Hamraneslínu.

Framkvæmdaleyfin voru samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 23. janúar s.l. Með vísan til 4. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er þeim sem telja sig eiga lögvarðra hagsmuna að gæta vakinn athygli á því að kærefrestur er 4 vikur frá birtingu þessarar auglýsingar.

Nánari upplýsingar á www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is



**END
POLIO
NOW**

GEFÐU NÚNA



endpolio.org



**SKRIFUM SAMAN
SÖGUNA
ÚTRÝMUM
LÖMUNARVEIKI**

Rotary
á Íslandi



FH sigraði á heimavelli á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum

Úrslit réðust í boðhlaupum

Meistaramót Íslands í frjálsíþróttum fór fram um helgina í Kaplakrika. Á fyrri keppnisdegi fóru fram ellefu greinar og á þeim síðari fóru fram 13 einstaklingsgreinar auk 4×400 metra boðhlaups í karla og kvennaflokki. Í heildarstigakeppninni var hnífjafnt milli ÍR og FH fyrir síðustu grein og ljóst var að boðhlaupið myndi skera úr um sigurvegara.

ALLT UNDIR Í BOÐHLAUPINU

Sveit ÍR, sem skipuð var Agnesi Kristjánsdóttur, Dagbjörtnu Lilju Magnúsdóttur, Guðbjörgu Jónu Bjarnadóttur og Ingibjörgu Sigurðardóttur sigraði 4×400 metra boðhlaup kvenna á 3:54,02 mínútum. Sveit FH sem skipað var Maríu Rún Gunnlaugsdóttur, Melkorku Rán Hafliðadóttur, Sólrúnu Soffíu Arnardóttir og Þórdísi Evu Steinsdóttur varð önnur á 3:55,12 mínútum. ÍR sigraði því kvennakeppnina með 29 stig og fimm sigra gegn 28 stigum og sex sigrum hjá FH.

Í 4×400 metra boðhlaupi karla sigraði sveit FH á 3:26,74 mínútum. Sveitina skipuðu Bjarni Páll Pálsson, Hinrik Snær Steinsson, Valur Elli Valsson og Kormákur Ari Hafliðason. Sveit Breiðabliks varð önnur á 3:30,69 mínútum. FH sigraði karlakeppnina með 22 stig og fimm sigra, ÍR varð í öðru sæti með 19 stig og fjóra sigra. Heildarstigakeppnina sigraði því FH með 50 stig og ellefu sigra, ÍR varð rétt á eftir með 48 stig og níu sigra.

SNERU TAFLINU VIÐ Í 200 METRA HLAUPI

Í 400 metra hlaupi á fyrri keppnisdegi var hnífjafnt milli Þórdísar Evu



Þórdís Eva Steinsdóttir, FH, kemur í mark sem Íslandsmeistari í 400 m hlaupi, Guðbjörg Jóna úr ÍR varð önnur.

Steinsdóttur, FH og Guðbjargar Jónu Bjarnadóttur, ÍR, þar sem Þórdís Eva hafði betur. Þær tvær mættust aftur í úrslitariðlinum í 200 metra hlaupi á sunnudag þar sem Guðbjörg Jóna kom tvíefld til leiks og kom fyrst í mark. Tími Guðbjargar var 24,31 sekúnda og Þórdís Eva var á 24,74 sekúndum.

Það sama var upp á teningnum í karlaflokki þar sem mikil barátta var á milli æfingafélaganna úr FH, Hinriks Snæs Steinssonar og Kormáks Ara Hafliðasonar. Hinrik sigraði í 400 metra hlaupi í gær en í dag snérist taflað við og Kormákur bar sigur úr bítum. Tími Kormáks var 22,21 sekúnda sem er

persónuleg bætning hjá honum og Hinrik varð annar á 22,30 sekúndum.

ÞRJÚ GULL OG TVÖ SILFUR HJÁ MARÍU RÚN

Ein fremsta frjálsíþróttakona landsins, María Rún Gunnlaugsdóttur úr FH, sýndi styrk sinn um helgina og fékk þrjú gull og tvö silfur. Á fyrri keppnisdegi sigraði hún hástökkið og á þeim síðari var á dagskrá hjá henni 60 metra grindarhlaup, kúluvarp og langstökk auk 4×400 metra boðhlaups. María Rún sigraði og bætti sinn persónulega árangur bæði í kúluvarpi og 60m grind. Í kúluvarpi kastaði hún

12,75 metra og í 60 metra grindarhlaupi hljóp hún á 8,71 sekúndu. Í langstökki þurfti engan annan en EM farann Hafðísi Sigurðardóttur til að sigra Maríu. Hafðís stökk lengst 6,18 metra og María varð önnur með 5,79 metra.

ÍR-INGAR SIGURSÆLIR Í LENGRI HLAUPUNUM

ÍR-ingar eiga mikið af góðum langhlaupurum og báru þeir sigur úr bítum í 800 metra hlaupi karla og kvenna og 3000 metra hlaupi karla og kvenna. Ingibjörg Sigurðardóttir sigraði 800 metra hlaupið á tímanum 2:17,40 mínútum sem er persónulegt met hjá henni. Í karlaflokki sigraði Sæmundur Ólafsson á 1:53,49 mínútum. Í 3000 metra hlaupi kvenna sigraði Elín Edda Sigurðardóttir á 10:12,98 mínútum sem er persónuleg bætning. Í 3000 metra hlaupi karla tóku sex keppendur þátt sem allir voru frá ÍR. Þar sigraði Þórólfur Ingi Þórsson með persónulega bætningu á 9:09,89 mínútum.

ÍSÁK ÓLI MEÐ TVÖFALDAN SIGUR


Fjölþrautakappinn Ísak Óli Traustason, UMSS hafði nóg að gera um helgina þar sem hann keppti í fimm greinum. Á fyrri keppnisdegi keppti hann í þremur og á þeim síðari keppti hann í tveimur og sigraði þær báðar. Langstökkið sigraði hann með stökk upp á 6,80 metra, Gunnar Eyjólfsson UFA varð annar með 6,68 metra og Hermann Orri Svavarsson, Fjölni varð annar með 6,57 metra stökk. Í 60 metra




Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir, ÍR, silfur; Þórdís Eva Steinsdóttir, FH, gull og Vilhelmina Þór Óskarsdóttir, Fjölni, brons.




Valdimar Hjalti Erlendsson, FH varð annar í kúluvarpi, bætti eigið met og kastaði 14,32 metra.



Mímir Sigurðsson, FH varð þriðji í kúluvarpi, kastaði 13,25 metra.



Tómas Gunnar Gunnarsson Smith, FH sigraði í kúluvarpi, kastaði 14,34 m.



Tvívurarnir Hinrik Snær og Þórdís Eva stóðu sig vel, sigruðu bæði í 400 m hlaup og Hinrik Snær bætti tíma sinn úr 50,05 í 48,87 sekúndur.

grindarhlaupi sigraði hann örugglega á tímanum 8,27 sekúndum. Annar varð Sindri Magnússon, Breiðabliki á 8,70 sekúndum.

Ármennigurinn ungi Kristján Viggó Sigfinnsson sigraði í hástökki með 1,97 metra stökk og í öðru sæti varð Bjarki Rúnar Kristinsson, Breiðabliki með 1,91 metra. Í þriðja sæti varð Kolbeinn Tómas Jónsson, ÍR sem stökk einnig 1,91 metra en var með fleiri tilraunir.

Í stangarstökki kvenna sigraði Bogey Ragnheiður Leósdóttir, FH, með 3,40 metra stökk. Stella Dögg Eiríksdóttir Blöndal, ÍR stökk einnig 3,40 metra en varð önnur þar sem hún hafði fella 3,40 einu sinni. Í þriðja sæti varð Rakel Ósk Dýrfjörð Björnsdóttir, KFA sem stökk 3,20 metra.

FJÖLMARGIR AÐ BÆTA ÁRANGUR SINN

Engin Íslandsmet voru sett en fjölmargir keppendur voru að bæta árangur sinn eða ná besta árangri á keppnistímabilinu.

Alls bættu keppendur 74 sinnum sinn besta árangur og áttu FH-ingar 16 af þeim bætingum.

Heimild: fri.is

ÍSLANDSMÓT FATLAÐRA

Samhliða meistaramótinu fór fram Íslandsmót fatlaðra þar sem FH átti



Hluti af keppnisliði FH með bikar fyrir sigur í mótinu og sigur í karlaflokki.

einn af 27 keppendum, Erling Ísak Viðarsson (18) sem keppti í 4 greinum. Hann keppti í 60 m hlaupi, 200 m hlaupi og 400 m hlaupi og sigraði í þeim öllum og bætti tíma sinn í 60 m hlaupi. Þá keppti hann í langstökki og sigraði er hann stökk 4.01 m.



Erling Ísak Viðarsson, FH, sigraði í 400 m hlaupi í flokki 34-38.



Sigursveit FH í 400 m hlaupi, f.v.: Hinrik Snær Steinsson, Valur Elli Valsson, Kormákur Ari Hafliðason og Bjarni Páll Pálsson.

Nýtt stöðumat tekið upp fyrir nýja nemendur af erlendum uppruna

Gert að samskipti fyrirmynd og innleiðing hafin m.a. í Lækjarskóla

Sveitarfélögin Árborg, Hafnarfjörður og Reykjanesbær í samstarfi við Menntamálastofnun hafa unnið að þýðingu og staðfæringu á sænsku stöðumatstæki fyrir nýja nemendur af erlendum uppruna sem hefur verið notað með góðum árangri í Svíþjóð. Lagt er m.a. mat á fyrri þekkingu og reynslu sem og læsi og talnaskilning. Meginmarkmið stöðumats er að styðja skólana í að staðsetja nemendur hvað varðar þekkingu og reynslu og auðvelda þar með kennurum og skólastjórnendum að skipuleggja nám hvers nemanda út frá styrkleikum og þörfum.

INNLEIÐING HAFIN Í FJÓRUM GRUNNSKÓLUM

Í síðustu viku var haldið námskeið í Garðabæ fyrir fjóra grunnskóla sem hafa tekið að sér að hefja innleiðingu á

stöðumatinu. Þetta matstæki var hannað af þremur háskólum í Svíþjóð og Skolverket í kjölfar viðamikillar rannsóknar. Þeir skólar sem riða á vaðið eru Háaleitisskóli í Reykjanesbæ, Lækjarskóli í Hafnarfirði, Vallaskóli á Selfossi og Fellaskóli í Breiðholti. Fleiri tóku þátt í námskeiðinu, m.a. ráðgjafar frá Miðju máls og læsis í Reykjavík og fulltrúar frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þær Þórdís H. Ólafsdóttir og Annelie Hultgren, sem hafa mikla reynslu af kennslu fjöltyngdra barna í Rosengårdsskolan í Malmö, kynntu og kenndu á stöðumatstækið og fjölluðu um kennslu í fjöltyngdum bekk. Þátttakendur létu vel af námskeiðinu og munu í kjölfarið leggja stöðumatit fyrir í sínum skólum. Þegar reynsla er komin á notkun þess og prófarkalestri lokið verða haldin



fleiri námskeið og öllum skólum á landinu gefið tækifæri til að nýta hið nýja matstæki sem hefur tilfinnanlega vantað hér á landi.

Mennta- og starfatorg á Vakningardögum

Vakningardagar voru í Flensborgarskóla í síðustu viku og mikið um að vera. Nemendafélagið bauð m.a. upp á margvísleg námskeið og fyrirlestra. Meðal gesta voru Sigga Dögg kynfræðingur og Sigga Kling.

Pálmar Ragnarsson hélt líflegan fyrirlestur um samskipti og það hvað hver og einn getur gert til að bæta árangur sinn og í kjölfarið hófst Mennta- og starfatorgið. Þá fylltist skólinn af fulltrúum fyrirtækja og menntastofnana sem kynntu starfsemi sína. Áhugasamir nemendur gengu um skólann og kynntu sér það sem var í boði og greinilegt var að áhuginn var fjölbreyttur.

Vikan endað svo á árshátíð nemenda sem fengu síðan vetrarfrí.



Nemendur voru áhugasamir um alls konar nám eftir stúdentspróf.



FH mætir ÍR í bikarundanúrslitum

Undanúrslit verða 8. mars og úrslitaleikurinn í bikarkeppni karla 9. mars kl. 16

Dregið var á mánudag um það hvaða lið kepptu saman í undanúrslitum í bikarkeppni HSÍ sem kennd er við Coca Cola. Keppt verður í karlaflokki föstudaginn 8. mars og mætast Fjölnir og Valur kl. 18 en FH og ÍR kl. 20.15 en karlalið FH er eina hafnirska liðið í bikarundanúrslitum í handbolta þetta

árið. Úrslitaleikurinn verður síðan kl. 16 laugardaginn 9. mars en allir leikir eru í Laugardalshöll.

Í undanúrslitum kvenna 7. mars, mætast ÍBV og Valur kl. 18 og Stjarnan og Fram kl. 20.15. Úrslitaleikur kvenna verður 9. mars klukkan 13:30.

Sunnudaginn 10. mars verða úrslitaleikir í bikarkeppni í 4. flokki karla og kvenna í yngri og eldri liðum ásamt úrslitaleikjum í 3. flokki, yngri og eldri í karla- og kvennaflokki. Leikir í 3. flokki karla og kvenna verða í beinni útsendingu á RÚV en aðrir leikir verða í beinni útsendingu á SportTV.



AUGLÝSINGAR

Náðu til Hafnfirðinga

sími 565 3066 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is

Opinn fundur með Sigurði Inga Jóhannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Þriðjudaginn 5. mars kl. 20
Reykjavíkurvegur 66 / efri hæð

- Samgöngur og fjármögnun

Heitt á könnunni og allir velkomnir



Við erum sterkari saman!

Framsóknarfélag Hafnarfjarðar



Hlauparöð FH og Bose besta götuhlaup Íslands 2018

Næsta hlaup á fimmtudag kl. 19 – Allir geta tekið þátt

Hlauparöð FH og Bose var valið besta götuhlaup Íslands árið 2018 en hlaup.is stóð fyrir kosningu meðal þátttakenda.

Þetta er mikil viðkurkenning fyrir hlauparöðina en hlaupaleiðin er í miðbæ Hafnarfjarðar meðfram strandlengjunni, framhjá Hrafnistu og Norðurvangi og til baka.

Hlaupið, sem er 5 km langt, er síðasta fimmtudag í janúar, febrúar og svo 21. mars og er vandað til hlaupsins með góðri brautarvörslu, aðstöðu og fl. og hefur Origo, umboðsaðili Bose á Íslandi lagt mikið í til að gera umgjörðina sem skemmtilegasta og veitir glæsileg verðlaun.

Skákar hlaupið þá m.a. Reykjavík-urmarafoni og fleiri hlaupum en Akureyrarhlaup Íslenskra verðbréfa og Átaks varð í 2. sæti og Icelandair hlaupið í 3. sæti.

Hlaupahópur FH sem stendur að hlaupinu er hluti af fjrjálspíröttadeild FH og er einn stærsti hlaupahópur landsins. Hann var stofnaður í febrúar 2010 og hafa félagar hans tekið þátt í

keppnum víða um heim. Í hópnum er blanda af afreksmiðuðum hlaupurum og hlaupurum sem hlaupa ánægjunnar og heilsunnar vegna og allt þar á milli.

NÆSTA HLAUP Á FIMMTUDAG

Þátttökumet var sett í fyrsta hlaupi þessa árs er 477 keppendur luku keppni og sýnir það vel vinsældir hlaupsins.

Næsta hlaup er á fimmtudaginn kl. 19. Allir geta tekið þátt og á öllum aldri en skráning er á hlaup.is og kostar 1.000 kr. í forskráningu. Mæting er við Íþróttahúsið við Strandgötu minnst hálf tíma fyrir hlaup. Hægt er að skrá sig á staðnum en þá er gjaldið 1.500 kr. og ekki tekið við kortum. Þátttakendur fá flögu til að setja á fót og tímar birtast samstundist á timataka.net



Í hlauparöð FH og Bose keppa saman hlauparar á öllum getustigum.

ÍÞRÓTTIR

HANDBOLTI:

27. feb. kl. 20, Kaplakriki

FH U - ÍR U, 1. deild karla

28. feb. kl. 20, Garðabær

Stjarnan - Haukar, úrvalsdeild karla

1. mars kl. 19.30, Hlíðarendi

Valur U - FH, 1. deild kvenna

1. mars kl. 20, Selfoss

Selfoss - FH, úrvalsdeild karla

2. mars kl. 16.30, Ásveilir

Haukar U - ÍBV U, 1. deild karla

ÚRSLIT KVENNA:

KA/Þór - Haukar: (þriðjudag)

FH - Valur: 12-35

ÚRSLIT KARLA:

FH - ÍR: 31-26

Haukar - Grótta: 25-21

ÍR U - Haukar U: 29-31

HK - FH U: 30-20

KÖRFUBOLTI:

27. feb. kl. 19.15, KR heimili

KR - Haukar, úrvald. kvenna

4. mars. kl. 19.15, Keflavík

Keflavík - Haukar, úrvald. karla

6. mars. kl. 19.15, Hlíðarendi

Valur - Haukar, úrvald. kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

Skallagrímur - Haukar: 59-72

KNATTSPYRNA:

3. mars kl. 18.15, Egilshöll

Fylkir - FH, bikarkeppni kvenna B

ÚRSLIT BIKARKEPPNI KVENNA:


ÍA - FH: 0-2

ÚRSLIT BIKARKEPPNI KARLA:

Grótta - Haukar: 1-0

Keflavík - FH: 2-2

sport@fjardarfrettir.is



FH-ingar fögnuðu með köku.



Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Glæsilegt
kvöldverðarhlaðborð
aðeins 3.990 kr.



SHANGHAI

Reykjavíkurvegi 74, sími 517 9688
sjanghae.is | facebook.com/sjanghae

TAX FREE dagar

FJÖRÐUR



TAX FREE dagar

FJÖRÐUR



TAX FREE dagar

FJÖRÐUR

